

### Samantekt um Tamílamálið.

Unnið fyrir þingmannanefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.  
(10. janúar 2010/ÁH).

#### Aðdragandi málsins

Haustið 1988 hóf umboðsmaður danska þjóðþingsins að rannsaka afgreiðslu dómsmálaráðuneytisins á umsóknum tamílskra flóttamanna í Danmörku um dvalarleyfi fyrir fjölskyldur þeirra. Umsóknirnar byggðust á 9. gr. útlendingalaga sem tryggðu flóttamönnum rétt til fjölskyldusameiningar (familiesammenføring). Umboðsmaður komst að þeirri niðurstöðu í álit 1. mars 1989 að það hefði verið sérlega ámælisvert (overordentligt kritisabelt) að dómsmálaráðuneytið og útlendingastofnun hefði ekki lokið umfjöllun um umsóknirnar innan hæfilegs tíma. Dómsmálaráðherra, Erik Ninn-Hansen hafði þá þegar sagt af sér embætti dómsmálaráðherra og H.P. Clausen tekið við.

Á þjóðþinginu kom fram tillaga um skipun rannsóknardómstóls (kommissionsdomstol) til að rannsaka málið eftir að umboðsmaður skilaði álitinu sínu. Tillagan var felld eftir að forsætisráðherra Poul Schlüter hafði flutt fræga ræðu, gólftepparæðuna svokölluðu, þar sem hann fullyrtaði að nú lægi allar upplýsingar fyrir og engu hefði verið sópað undir teppið. Eftir mikla fjölmiðlaumfjöllun um málið boðaði forsætisráðherra að lokum til sérstakrar rannsóknar dómara (dommerundersøgelse) á málinu með heimild réttarfarslögum. Hinn 10. júlí 1990 var rannsóknarrétturinn (undersøgelsesretten) skipaður og hóf störf. Honum var falið að safna upplýsingum um málið og leggja mat á hvort einhverjum í opinberri þjónustu hafi orðið á mistök eða vanræksla sem gæti gefið tilefni til að hann yrði dreginn til lagalegrar ábyrgðar (som kan give anledning til, at et retligt ansvar søges gennemført).

Rannsóknin og meðferð málsins eftir að skýrsla rannsóknarréttarins lá fyrir.

Rannsóknin var umfangsmikil og lauk með skýrslu í janúar 1993. Skýrslan var 2218 síður og eftirrit af yfirheyrslum voru 2782 síður. Skýrslan tók m.a. annars á þætti þriggja ráðherra í málinu: Eriks Ninn-Hansens, dómsmálaráðherra 1982-1989, H.P. Clausens, dómsmálaráðherra 1989 og forseta þjóðþingsins 1989-1993 og Pouls Schlüters, forsætisráðherra 1982-1993. Í skýrslunni voru þeir gagnrýndir og ríkisstjórnin sagði af sér í kjölfarið. H.P. Clausen sagði enn fremur af sér sem forseti þingsins. Í skýrslunni var fjallað um eftirfarandi embættisathafnir ráðherranna:

1) Lögmæti ákvörðunar Eriks Ninn-Hansens um að umsóknirnar kæmu ekki til afgreiðslu („Nedprioriteringen“ af familiesammenføringen).

2) Tilraunir Eriks Ninn-Hansens til að koma í veg fyrir athugun umboðsmanns á málinu og villandi upplýsingagjöf hans til umboðsmanns.

3) Hvort upplýsingagjöf Eriks Ninn-Hansens til þjóðþingsins um málið hafi verið fullnægjandi.

4) Hvort viðbrögð Pouls Schlüters við embættisathöfnum Ninn-Hansens hafi verið í samræmi við eftirlitsskyldur hans (statsministerens tilsynspligt).

5) Hvort Poul Schlüter hafi gefið þjóðþinginu og laganefnd þingsins ófullnægjandi eða rangar upplýsingar gegn betri vitund.

6) Hvort H.P Clausen hafi gefið þinginu og laganefnd þess villandi eða ófullnægjandi upplýsingar um málið meðan hann var dómsmálaráðherra.

Á fundi í þingskaparnefnd þjóðþingsins 12. febrúar 1993 var ákveðið að taka skýrsluna til umfjöllunar. Tilgangur þeirrar athugunar var að leggja mat á hvort tilefni væri til málshöfðunar fyrir Ríkisrétti gegn ráðherrunum. Með skýrslu og tillögu 2. júní 1993 til þingsins var lagt til að höfðað yrði mál gegn Erik Ninn-Hansen fyrir brot á 1. mgr. 5. gr. ráðherraábyrgðarlaga út af meðhöndlun umsóknanna um dvalarleyfi. Ekki skyldi hins vegar höfða mál gegn Poul Schlüter eða H.P. Clausen. Þessi tillaga var samþykkt.

Málið var þingfest fyrir Ríkisrétti 7. desember 1993. Dómur var kveðinn upp 22. júní 1995 þar sem Erik Ninn-Hansen var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 5. gr. ráðherraábyrgðarlaga. Ákvæðið hljóðar svo:

En minister straffes, hvis han forsætligt eller af grov uagtsomhed tilsidesætter de pligter, der påhviler ham efter grundloven, lovgivningen i øvrigt eller efter hans stillings beskaffenhed.

Erik Ninn-Hansen var dæmdur til fjögurra mánaða fangelsisrefsingar en með hliðsjón af aldri og heilsufari hans var refsingin skilorðsbundin.

Sama ár var kæra dómfellda skráð hjá Mannréttindadómstól Evrópu. Með úrskurði 18. maí 1999 var komist að þeirri niðurstöðu að málið væri ekki tækt til meðferðar og málið fellt niður.

Í næstu köflum verður vikið að því hvernig rannsóknarétturinn tók á einstökum atriðum svo og hvernig þingskapanefndin danska afgreiddi þau í skýrslu sinni til þingsins. Þá verður vikið að niðurstöðu Ríkisréttarins varðandi þann þátt sem ákært var út af. Að lokum verður vikið að þeim álitaeftum sem Mannréttindadómstóllinn fjallaði um.

**Ákvörðun Eriks Ninn-Hansen um að umsóknirnar yrðu ekki afgreiddar**

#### *Rannsóknarétturinn*

Talið var upplýst að ráðherra hefði í september 1987 ákveðið að fyrirleggjandi umsóknir um fjölskyldusameiningar tamíla skyldu ekki afgreiddar. Þessi ákvörðun stangaðist á við 9. gr. útlendingalaga. Ráðherrann hefði viðhaldið þessu ólögmeta ástandi út embættistíma sinn eða til 10. janúar 1989 þó að honum hafi verið gerð grein fyrir því af embættismönnum ráðuneytisins sennilega í apríl og örugglega í júní 1988 að ákvörðunin væri ólögmet.

#### *Þingskapanefndin*

Meiri hlutinn komst að þeirri niðurstöðu að ráðherrann fyrirverandi hefði brotið gegn þeim skyldum sem hvíldu á honum, sbr. 1. mgr. 5. gr. ráðherraábyrgðarlaga. Talið var að sök hans væri meiri út af því að einstaklingar hefði orðið fyrir tjóni af þessum sökum (har meðfært retstab for enkeltpersoner). Því var ákveðið að leggja fram tillögu um að höfða mál gegn Erik Ninn-Hansen fyrir brot á ráðherraábyrgðarlögum fyrir að hafa ekki tekið

umsóknirnar til afgreiðslu frá 23. eða 24. september 1987 til 10. janúar 1989. Ákæran, sem samþykkt var á þjóðþinginu 11. júní 1993 var svohljóðandi:

Folketinget beslutter at rejse tiltale ved rigsretten mod forhenværende justitsminister Erik Ninn-Hansen med påstand om straf for overtrædelse af § 5, stk. 1, i lov nr. 117 af 15. april 1964 om ministres ansvarlighed ved som justitsminister at være ansvarlig for, at Direktoratet for Udlændingen fra den 23. eller 24. september 1987 til den 10. januar 1989, hvor han fratrådte som justitsminister, i et stort antal sager, hvori betingelserne herfor var opfyldt, undlod efter ansøgning at give opholdstilladelse til familiemedlemmer til herboende flygtninge fra Sri Lanka. Denne administration af udlændingeloven var i overensstemmelse med hans egen, formentlig den 23. eller 24. september 1987, trufne og af ham i hele perioden fastholdte beslutning, men var i strid med udlændingelovens § 9, idet betingelserne for at give opholdstilladelse sem nævnt var opfyldt, hvorfor familiemedlemmerne havde retskrav på opholdstilladelse og familiesammenføring her i landet.

#### *Dómur Ríkisréttar*

Erik Ninn-Hansen var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 5. gr. ráðherraábyrgðarlaga fyrir að hafa á tímabilinu frá miðjum júní 1988 þar til hann sagði af sér embætti 10. janúar 1989 haldið áfram að láta hjá líða að taka umsóknir um fjölskyldusameiningu tamílskra flóttamanna til afgreiðslu. Hin saknæma háttsemi var því ekki talin hafa staðið eins lengi yfir og samkvæmt ákærinni.

Í forsendum dómsins var fjallað um hvenær telja verði brot svo alvarleg að það kalli á refsíabyrgð. Þar segir orðrétt eftirfarandi:

Gennem henvisningen til de pligter, der påhviler en minister efter lovgivningen eller efters stillingens beskaffenhed, får reglen karakter af en retlig standard, hvis forståelse i nogen grad afhænger af skønsmæssige vurderinger. Strafansvar må forudsætte, at der er tale om overtrædelser, som alvorligt kan bebrjedes ministeren, og hvor er politisk reaktion må anses for at være utilstrækkelig, jf. herved bemærkningerne til lovforslaget § 4, nu lovens § 5 [...]. At et forhold er kritisabelt, indebærer således ikke i sig selv, at der foreligger en overtrædelse af ministeransvarlighedsloven. Fastlæggelse af grænsen mellem blot kritisabelt adfærd og den strafbare adfærd kan være ganske vanskelig at drage, og der kan være tale om en gildende overgang. Ved vurderingen af, om forholdet er så alvorligt, at grænsen er overskredet, må det tillægges betydning, om ministeren har forfulgt usaglige formål, ligesom forholdets tidsmæssige udstrækning og konsekvenser for de berørte selvsagt vil være af betydning.

Athyglisvert er að skoða afstöðu dómsins til þess á hvaða tímamarki þessi ámælisverða stjórnsýsla var talin fela í sér brot á 1. mgr. 5. gr. ráðherraábyrgðarlaganna. Þó að fyrir lægi að ráðherrann hefði sjálfur gefið þau fyrirmæli í september að afgreiða ekki umsóknirnar taldi meiri hlutinn að hlutlægt séð hefði ekki verið um refsivert brot að ræða fyrr en um áramótin 1987 til 1988. Huglæg skilyrði um ásetning eða stórfellt gáleysi virðast hins vegar að mati dómsins ekki hafa verið uppfyllt fyrr en ráðherrann hafði fengið skýrar viðvaranir frá embættismönnum. Um þetta sagði í dómnum:

Han forfulgte således et lovstridigt formål og fastholdt berostillelsen på trods af, at han både den 13. juni 1988 og et par dage senere kraftigt blev advaret af sine embedmænd om, at administrationen ville medføre alvorlig kritik. Det kan ikke tillægges afgørende betydning, at embedmændene i deres advarsel ikke betegnede administrationen som „ulovlig“ eller „retsstridig“. I hvert fald fra dette tidspunkt må han have været ganske klar over, at berostillelsen savnede sagligt grundlag, og at den manglende færdiggørelse af sagerne alene skyldtes hans beslutning herom.

Tilraun ráðherrans til að koma í veg fyrir athugun umboðsmanns og villandi upplýsingagjöf til embættisins.

*Rannsóknarrétturinn:*

Komist var að þeirri niðurstöðu að Erik Ninn-Hansen hefði fengið laganefnd þingsins að taka upp málið sem samráðsmál (samráð) eftir að umboðsmaðurinn hóf athugun sína á málinu 6. september 1988 í þeim megingilgangi að stöðva áframhaldandi athugun umboðsmanns. Þar er vísað til þeirrar meginreglu í starfsemi danska umboðsmannsins að hann hættir athugun þeirra mála sem þingið hefur tekið til athugunar. Þá var talið að ráðherrann hefði gefið umboðsmanni villandi og/eða rangar upplýsingar.

*Þingskaparnefndin:*

Talið var að athafnir ráðherra, sem miðuðu að því að hindra umboðsmann við að gegna starfi sínu og að veita villandi og/eða rangar upplýsingar til umboðsmanns, stönguðust á við ákvæði í lögum um umboðsmann. Með þeirri háttsemi var talið að Erik Ninn-Hansen hefði brotið gegn þeim skyldum sem hvíldu á honum lögum samkvæmt og samkvæmt stöðu hans („der påhviler ham efter lovgivningen og efter hans stillings beskaffenhed“). Þó að hér sé augljóslega skírskotað til 1. mgr. 5. gr. ráðherraábyrgðarlaga var ekki talið rétt að ákæra hann fyrir þessa ólögmetu háttsemi. Ástæðan var að efnislega snerist málið um brot á útlendingalögum og talið rétt að líta á aðgerðir ráðherrans gegn umboðsmanni sem tilraun til að halda aðalbrotinu leyndu. Hér væru aftur á móti um „skærpenda omstendigheder til belysning af dette forhold.“

Ófullnægjandi upplýsingagjöf dómsmálaráðherrans, Eriks Ninn-Hansens til þingsins

*Rannsóknarrétturinn*

Upplýst þótti að Erik Ninn-Hansen hefði í svari til laganefndarinnar og á samráðsfundum með henni svo og í skýrslu til þingsins um stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um innflytjendamál veitt upplýsingar sem talin voru misvísandi, villandi, ófullnægjandi, rangar og ekki sannleikanum samkvæmar (misvisende, vildledende, ikke-fyldestgørende, urigtige eller ikke i overensstemmelse med sandheden).

*Þingskaparnefndin:*

Lögð var áhersla á að þessi villandi og ranga upplýsingagjöf hefði þjónað þeim tilgangi að breiða yfir hið ólögmetu ástand og viðhalda því. Meiri hlutinn taldi að tilgangur þessarar villandi upplýsingagjafar virkaði „som en skærpende omstændighed“ en ekki var talin ástæða til að höfða sérstakt mál út af því. Meiri hlutinn tók fram að hin ólögmetu

stjórnsýsla í tengslum við meðhöndlun umsóknanna væri meginatriði málsins og að ríkisrétturinn ætti að einbeita sér að því.

Eftirlitsskyldur forsætisráðherra

*Rannsóknarrétturinn:*

Eins og málið lá fyrir var ekki talið að forsætisráðherra hefði borið, í ljósi þeirra upplýsinga sem lágu fyrir til nóvember/desember 1988, að grípa til ráðstafana til að skýra hvað gengi á hjá dómsmálaráðuneytinu og útlendingastofnun varðandi umsóknirnar. Eftir uppákomuna út af athugun umboðsmanns var tekið fram að forsætisráðherra hefði ekki haft ástæðu til að efast um að laganefnd þingsins hefði fengið viðhlítandi skýringar á því hvað „nedprioriteringen“ fól í sér. Þá var tekið fram að eftir að Poul Schlüter hafði fengið útskýringar á stöðu mála frá nýjum ráðherra H.P. Clausen hafi hann talið rétt að breyta um stefnu „hellere i dag end i morgen“.

*Þingskapanefndin:*

Talið var að það leiddi af stöðu forsætisráðherra (sbr. 1. mgr. 5. gr. ráðherraábyrgðarlaganna) að hann hefði ákveðnar eftirlitsskyldur gagnvart öðrum ráðherrum. Ef hann vanrækti þær gæti það leitt til refsíabyrgðar. Ekkert lægi þó fyrir í málinu sem leiddi til þess að víkja bæri frá mati rannsóknarréttarins á þessum þætti. Því var það niðurstaða nefndarinnar að forsætisráðherra hefði ekki brotið gegn skyldum sínum að þessu leyti.

Upplýsingagjöf forsætisráðherra til þjóðþingsins

*Rannsóknarrétturinn:*

Komist var að þeirri niðurstöðu að Poul Schlüter hefði gefið laganefnd þingsins ófullnægjandi upplýsingar um málið á samráðsfundi 14. mars 1989 og að hann hafi mátt vita það. Þá hafi hann gefið óskýr svör við því hvað ríkisstjórnin hafi vitað um málið á sama samráðsfundi og á samráðsfundi 19. maí 1989. Þá hafi hann mátt vita að ákveðnar upplýsingar, sem hann gaf í „gólftepparæðunni“ 25. apríl 1989, hafi verið misvísandi og í einu tilviki beinlínis rangar ef ummælin eru skilin bókstaflega.

*Þingskapanefndin:*

Meiri hlutinn taldi að upplýsingagjöf forsætisráðherra hefði að þessu leyti ekki samrýmst 2. mgr. 5. gr. ráðherraábyrgðarlaga, þar sem kveðið er á um að ráðherra sé óheimilt að gefa þjóðþinginu rangar eða villandi upplýsingar eða leynd þinginu upplýsingum sem hafa verulega þýðingu fyrir mat þingsins á málinu. Þrátt fyrir það var komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til málshöfðunar. Það var rökstutt með eftirfarandi hætti:

„Efter den nugældende grundlov kan ministre ifalde såvel et politisk som et retligt ansvar. Det påhviler Folketinget at tage stilling til, om det er fornødent at gøre retligt ansvar gældende i en situation, hvor det politiske ansvar gøres gældende eller rent faktisk har foranlediget en ministers tilbagetræden.“

Statsministeren indgav sin afskedsbegæring på baggrund af konklusionerne i undersøgelsesrettens beretning.

Der består i øvrigt en væsentlig forskel på, om de forkerte oplysninger gives for at dække over et retsbrud, man har bidraget til at stoppe (om end pligten hertil er selvindlysende), eller om det sker for at kunne fortsætte et igangværende retsbrud, jf. herved flertallets nedenstående overvejelser vedrørende rigsretstiltale mod fhv. minister Erik Ninn-Hansen.

På denne baggrund udtrykker flertallet sin alvorlige misbilligelse i anledning af den manglende efterlevelse af kravene i § 5. skt. 2, i loven om ministres ansvarlighed, men finder at der i øvrigt ikke bør foretages yderligere over for tidligere statsminister Poul Schlüter.“

### Ófullnægjandi upplýsingagjöf dómsmálaráðherrans, H.P. Clausens til þingsins

#### *Rannsóknarrétturinn:*

Tekið var fram að ráðherrann hafi ákveðið að taka á fyrirliggjandi umsóknum með lögmatum hætti á ný. Við kynningu á stefnubreytingunni var eftir sem áður reynt að breiða yfir raunverulegar ástæður hennar. Þá var talið upplýst að ráðherrann hefði í svörum við spurningum frá laganefnd þingsins út af málinu og á samráðsfundi 14. september 1989 veitt upplýsingar sem hann vissi að væru að ákveðnu marki villandi og óljósar, ekki í samræmi við staðreyndir málsins og/eða rangar. Enn fremur að það hafi verið honum ljóst að í skýrslu ríkisstjórnarinnar til þingsins í tilefni af álitum umboðsmanns hefðu verið misvísandi og rangar upplýsingar. Þá hafi ráðherrann búið yfir upplýsingum sem hann mátti gera sér grein fyrir að hefðu verulega þýðingu fyrir það hvort „sagen kunne sluttes med, at ombudsmandens udtalelse blev taget til efterretning, men som Retsudvalget ikke fik oplysning om“. Hins vegar var lögð áhersla á að ekkert bendi til þess að ráðherrann hafi fengið ráðgjöf eða aðvaranir frá embættismönnum ráðuneytisins um að framsetning upplýsinganna væru ámælisverða. Þá er á það bent að ástæða þess að ráðherrann gaf bæði laganefnd þingsins og umboðsmanni upplýsingar sem ekki voru viðhlítandi hafi verið sú að forðast að afhjúpa þau lögbrot sem Erik Ninn-Hansen bar ábyrgð á og að komast hjá frekari rannsókn málsins.

#### *Þingskapanefndin:*

Talið var að upplýsingagjöf ráðherrans hafi ekki samrýmst skyldum hans samkvæmt 2. mgr. 5. gr. ráðherraábyrgðarlaga. Vísað var til þess að H.P. Clausen hefði sagt af sér embætti forseta þingsins í kjölfar niðurstöðu rannsóknarréttarins. Þá var vísað til umfjöllunar nefndarinnar um forsætisráðherra og komist að sömu niðurstöðu og varðandi hann. Meiri hlutinn lýsti yfir vanþóknun sinni á því að hann hafi hagað upplýsingagjöf sinni þannig að það stangaðist á við ráðherraábyrgðarlögin en að ekki væri tilefni til frekari aðgerða.

### Umfjöllun Mannréttindadómstóls Evrópu um málið

Kvörtunin laut að því að Erik Ninn-Hansen hefði ekki notið réttlátrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óháðum dómstóli þegar hann var borinn sökum um refsiverða háttsemi, eins og hann átti rétt á samkvæmt 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Röksemdir fyrir kvörtuninni voru í sex liðum:

- 1) Málsmeðferðin fyrir rannsóknarréttinum hafi ekki verið réttlát.
- 2) Ríkisrétturinn hafi ekki verið óháður og óvilhallur dómstóll.
- 3) Ríkisrétturinn hafnaði að verða við kröfu sakbornings um að leiða tvö vitni til stuðnings frávísunarkröfu hans.
- 4) Ríkisrétturinn heimilaði að afrit yfirheyrslna fyrir rannsóknarréttinum væru lögð fyrir ríkisréttinn.
- 5) Ríkisrétturinn ákvað að halda meðferð málsins áfram þrátt fyrir slæmt heilsufar sakbornings.
- 6) Málinu var ekki lokið innan hæfilegs tíma.

Rétt er að taka fram að öllum málsástæðum Eriks Ninn-Hansens var hafnað og komist að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn mannréttindasáttmálanum. Hér verður vikið að einstökum atriðum í úrlausn dómstólsins en sjónum þó fyrst og fremst beint að því hvernig leyst var úr ágreiningi um málsmeðferðina fyrir rannsóknarréttinum þar sem það hefur sérstaka þýðingu fyrir athugun þingmannanefndarinnar.

#### *1) Málsmeðferðin fyrir rannsóknarréttinum:*

Í kvörtuninni var því haldið fram að rannsóknin hafi einkennst af rannsóknarréttarfari þar sem ekki hafi verið greint nægilega milli hlutverks dómara og saksóknara. Þá hafi Erik Ninn-Hansen ekki fengið nægar upplýsingar um framgang rannsóknarinnar sem að honum beindist og ekki fengið tækifæri til að benda á atriði sem höfðu þýðingu fyrir vörnina. Hann hafi heldur ekki fengið vitneskju um sönnunargögn og vitnisburði gegn sér og ekki getað kallað fyrir vitni af sinni hálfu. Þá hafi sjö fyrstu þinghöldin verið haldin fyrir luktum dyrum. Hann taldi enn fremur að í raun hafi niðurstaða rannsóknarréttarins fellt á hann sök í málinu. Þessir annmarkar hafi leitt til þess að síðari dómsmeðferð hafi ekki verið honum óvilhöll (these deficiencies severely prejudiced the subsequent trial).

Í úrskurði mannréttindadómstólsins var vísað til þess að tilgangur athugunar rannsóknarréttarins og skýrslunnar sem rétturinn gaf út hafi verið að leggja grunn að því að þingið gæti tekið afstöðu til þess hvort höfða ætti mál á hendur tilteknum einstaklingum, sem trúað hafði verið fyrir opinberum skyldum, fyrir að hafa brotið gegn þeim skyldum. Þessi málsmeðferð hefði því ekki verið liður í því að taka endanlega afstöðu til sakar í málinu (determining the charge). Kvörtunin beindist því að lið í meðferð málsins sem ekki félli undir mannréttindasáttmálanum.

Eftir sem áður var talið að 6. gr. mannréttindasáttmálans hefði ákveðna þýðingu fyrir meðferð mála áður en ákæra er gefin út (pre-trial proceedings). Dómstóllinn tók því málsmeðferðina í heild til skoðunar til að geta lagt mat á hvort málsmeðferðin fyrir rannsóknarréttinum geti hafa veikt stöðu Erik Ninn-Hansens svo verulega að eftirfarandi meðferð málsins hafi verið óréttlát (weakened the situation of the applicant to such an extent that all subsequent stages of the proceedings were unfair).

Því næst eru þau atriði sem kvörtunin beindist að tekin fyrir. Bent var á að meðferðin fyrir rannsóknarréttinum hafi verið opin fyrir utan sjö fyrstu þinghöldin og sakborningi veittur aðgangur að afritum þeirra eftir það. Þá hafi hann átt kost á lagalegri aðstoð við yfirheyrslurnar sem hann þáði ekki. Enn fremur hafi hann verið varinn gegn því að fella sök á sjálfan sig og átt þess kost að gefa yfirlýsingar fyrir réttinum til jafns við önnur vitni. Í ljósi þess að málsmeðferðin fyrir rannsóknarréttinum þjónaði aðeins þeim tilgangi að leggja grunn að því að þingið gæti tekið afstöðu til málshöfðunar og að teknu tilliti til þeirra aðgerða sem gripið var til á því stigi til að tryggja hagsmuni vitna, þ. á m. Eriks Ninn-Hansens, var ekki fallist á að athugun málsins hjá rannsóknarréttinum hafi leitt til þess að eftirfarandi dómsmeðferð hafi ekki getað verið réttlát, sbr. 6. gr. mannréttindasáttmálans.

## *2. Skipan ríkisréttarins*

Í kærinni var bent á að helmingur ríkisréttarins væri skipaður af þjóðþinginu sem jafnframt hefði gefið út ákærana í málinu. Hætta væri á að þeir teldu sig þurfa að sýna pólitíska hollustu við sinn flokk í stað þess að horfa óhlutdrægt á málið og talið að þessa dómara skorti ásýnd sjálfstæðis og óhlutdrægni. Mannréttindadómstóllinn féllst ekki á þetta og benti á að þessir dómara væru skipaðir til sex ára í senn og á þeim tíma hefði þingið enga möguleika á að beita þá einhverjum þrýstingi. Þó að skipunarvaldið væri hjá þinginu leiddi það eitt ekki til þess að draga mætti óhlutdrægni þeirra í efa.

Kæran byggðist enn fremur á því að nokkrir hæstaréttardómara sem áttu sæti í ríkisréttinum hefðu úrskurðað í kærnumálum út af meðferð málsins fyrir rannsóknarréttinum. Þá hefði félagi þeirra í réttinum stýrt dómsrannsókninni. Þinghöld í rannsóknarréttinum hefðu enn fremur farið fram í húsnæði Hæstaréttar og þannig ýtt undir þá skoðun að Hæstiréttur ætti beinan þátt í rannsókninni. Gagnvart almenningi liti það þannig út að málsmeðferðin fyrir ríkisréttinum með þátttöku hæstaréttardómara væri ekki óhlutdræg. Mannréttindadómstóllinn féllst ekki á þetta og vísaði til þess að óhlutdrægni einstakra dómara hæstaréttar í málinu hefði ekki verið dregin í efa. Þátttaka dómara við að leysa úr einstökum kærnatríðum í málinu leiddi út af fyrir sig ekki til þess að draga mætti með réttu í efa óhlutdrægni þeirra.

Í kærinni var því einnig haldið fram að óskammfeilin umfjöllun fjölmiðla um sekt Erik Ninn-Hansens áður en málið kom fyrir dóm hafi haft áhrif á afstöðu dómara. Dómstóllinn féllst ekki á að þetta atriði hefði komið niður á meðferð málsins fyrir dómi.

## *3. Synjun um að leiða tvö vitni fyrir ríkisréttinn*

Um var að ræða beiðni um að leiða dómara sem stýrði réttarrannsókninni og saksóknara sem vann einnig að rannsókninni fyrir ríkisréttinn. Mannréttindadómstóllinn vísaði til þess að það væri í meginatriðum í höndum dómstóla aðildarríkja að meta hvort vitnisburður hafi þýðingu í málinu. Ekki var talið að synjunin hefði byggst á geðþótta eða sakfelling byggst á ófullnægjandi sönnunarfærslu.

## *4. Afrit yfirheyrslna sem fóru fram fyrir rannsóknarréttinum*



Í kvörtun var talið að ákvörðun ríkisréttarins að heimila framlagningu afritanna hafi komið í veg fyrir að vitni gæfu skýrslu fyrir ríkisrétti án tillits til skýrslugjafar þeirra fyrir rannsóknarréttinum. Mannréttindadómstóllinn vísaði til þess að þessar skýrslur hafi verið lagðar fram til að hægt væri að bera þær undir vitni ef þörf krefði. Áhersla var lögð á að sakfelling hefði ekki byggst á því sem kom fram í skýrslugjöf fyrir rannsóknarréttinum. Framlagning þessara gagna í þessum tilgangi var ekki talin stangast á við 6. gr. mannréttindasáttmálans.

#### *5. Áframhaldandi meðferð málsins þrátt fyrir heilsufar Eriks Ninns-Hansens*

Í kvörtuninni var talið að heilablóðfall ráðherrans fyrrverandi hafi skert getu hans til að fylgjast með réttarhöldum á þann hátt sem krafist er og komið í veg fyrir að hann gæti lagt sitt af mörkum við vörnina, þ. á m. spurt vitni og gefið yfirlýsingar. Mannréttindadómstóllinn vísaði til þess að fyrir ríkisréttinum hefðu legið fyrir ýmis læknisfræðileg gögn sem hann hafi metið á þann veg að andleg heilsa Eriks kæmi ekki í veg fyrir að hann gæti verið viðstaddur þinghöldin. Þá gáfu læknisvottorð ekki til kynna að viðvera hans yki hættuna á að heilsu hans hrakaði. Niðurstaðan var að veikindi Eriks hefðu ekki veitt honum lögmaett tilefni til að mæta ekki til réttarhaldanna. Þá var meðferð málsins fyrir dómi komið á lokastig þegar hann veiktist. Ekki var talið að með ákvörðuninni um að halda áfram meðferð málsins hefði verið brotið gegn 1. mgr. eða c-lið og d-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans.

#### *6. Málshraðinn*

Mannréttindadómstóllinn taldi að við mat á því hvort málsmeðferðin hefði tekið of langan tíma yrði að miða upphafið við þann dag þegar Erik Ninn-Hansen var kallaður fyrir rannsóknarréttinn sem vitni, þ.e. 26. október 1990. Tímabilinu lauk síðan með dómsniðurstöðunni 22. júní 1995. Í ljósi eðli málsins og umfangs þess og að teknu tilliti til þess að ekki væri að sjá að hlé hafi verið gerð á athugun málsins út af atriðum sem dönsk yfirvöld bæru ábyrgð á var ekki talið að brotið hafi verið gegn 6. gr. mannréttindasáttmálans að þessu leyti.

